

Árskýrsla fyrir árið 2025.

7. apríl, 2026

Hafrannsóknastofnun, rannsókna – og ráðgjafastofnun hafs og vatna.

Kt: 470616-0830

Tilraunaeldisstöð, Staður við Grindavík

Starfsemi Tilraunaeldisstöðvarinnar var með hefðbundnu sniði árið 2025. Unnið var við hinar ýmsu tilraunir og rannsóknir. Unnið var með þorsk, loðnu, lax, hrognkelsi og hlýra. Þá var einnig unnið með þörungum, klóblöðku og söl.

Framleiðslumagn og afföll.

46.000 þorskseiði, meðalþyngd um 200 g, voru seld til áframeldis.

550 kg af hlýra fóru til förgunar hjá Skinnfiski í Sandgerði.

500 kg af hrognkelsum fóru til förgunar hjá Skinnfiski í Sandgerði.

200 kg af þorskseiðum fóru til förgunar hjá Skinnfiski í Sandgerði.

Um áramót, 2025 – 2026, voru í stöðinni:

80.000 þorskseiði, 300 grömm.

350 laxar, 2,5 kg,

1.000, laxaseiði, 100 grömm

70 hlýrar, 3,5 kg

500 hlýraseiði, 50 grömm,

Nokkrar loðnur,

Samtals lífmassaaukning á árinu um 8.320 kg.

Afföll og dauði er hverfandi.

Starfsfólk.

Fjórir starfsmenn unnu í fullu starfi á árinu:

Verkfræðingur, stöðvarstjóri, 34 ára starfsreynsla í fiskeldi.

Sjávarútvegsfræðingur, 21 árs starfsreynsla í fiskeldi.

Búfræðingur, 41 árs starfsreynsla í fiskeldi.

Líffræðingur, 2 ára starfreynsla í fiskeldi.

Þá var nemi frá fiskeldisdeild Hólaskóla í starfsnámi yfir sumartímann.

Auk þess starfa á fiskeldissviði stofnunarinnar, efnaverkfræðingur og erfðafræðingur, sem hafa áratuga reynslu af fiskeldi. Einnig er einn doktorsnemi tengdur stöðinni.

Aðrar upplýsingar sem farið er fram á í starfsleyfi eru að finna í meðfylgjandi Grænu bókhaldi.

Matthías Oddgeirsson

Stöðvarstjóri